

Skýrsla æskulýðsnefndar Léttis fyrir árið 2014

Eftirtaldir skipa æskulýðsnefnd Léttis 2014

Björgvin Helgason

Ólafur Svansson

Viðar Bragason

Vignir Sigurðsson

Fannðís Viðarsdóttir

Guðlaug Sigríður Tryggvadóttir.

Námskeið

Eins og undanfarin ár stóð æskulýðsnefndin fyrir knapamerkjanámskeiðunum, í ár voru öll merkin kennd í umsjá Linu Erikson og Camilla Hoj. Camilla Hoj sá einnig um almenn reiðnámskeið fyrir yngri krakkana og var með nokkur leikjanámskeið. Bæði knapamerkin og almennu námskeiðin voru vel sótt og höfðu allir gaman af þeim.

Í vetur prófuðum við að halda námskeið fyrir þá sem stefndu á mót sem og þá sem vildu bara læra betur á sína hesta. Það var Arnar Bjarki Sigurðsson sem sá um það námskeið og kom hann norður aðra hverja helgi til þess að leiðbeina nemendum sínum. Árangurinn af þessu námskeiði leyndi sér ekki þar sem framfarir voru miklar hjá þeim sem tóku þátt í námskeiðinu hjá Arnari. Það sýndi sig vel á mótum ársins.



Mót

Æskulýðsnefndin stendur á hverju ári fyrir tveimur mótum sem tileinkuð eru börnum, unglingum og ungmennum. Þau mót eru:

Æskulýðsmót Líflands og Léttis: það er innanhússmót sem haldið var 19. apríl.

Goðamót Léttis: það var haldin 6. til 7.júní. Það var haldið utandyra á Hlíðarholtsvelli.

Nefndin kom einnig að gæðingamóti Léttis sem var jafnframt úrtaka fyrir Landsmótið á Hellu. Í ár fóru 2 fulltrúar fyrir léttishönd í barnaflokk, 4 í unglingalokk og 4 í ungmennaflokk. Árangurinn var rosalega góður og má það helst nefna að Egill Már Þórsson varð í 2. sæti í barnaflokk, Þóra Höskuldsdóttir varð í 14 sæti í Unglingaflokk og Fanndís Viðarsdóttir varð í 6. sæti í Ungmennaflokk.



Egill Már og Saga frá Skriðu



Þóra og Sólfaxi frá Sámssstöðum



Fannðís og Björg frá Björgum

Sýningar

Æskulýðsnefndin hélt Æskuna og Hestinn 2014. til okkar komu nokkur atriði allstað að hér á norðurlandinu. Sýningin tókst vel og voru allir glaðir með daginn. Í lok sýningarinnar var sett upp þrautabraut þar sem allir krakkar gátu spreytt sig í þrautum á hestunum sínum. Einnig vorum við með eitt atriði á stórsýningunni Fákar og fjör.



Youth Cup 2014

Ólafur Göran Gross fór á Youth cup 2014 sem haldið var á Hólum í Hjaltadal æskulýðsnefnd styrkti hann fyrir þeirri ferð.



Ólafur Göran ásamt liðinu hans á Youth Cup

Annað

Pizzukvöld: Pöntuð var pizza og farið var í leiki.



Skyndihjálparnámskeið fyrir hesta og menn: Í maí héldum við skyndihjálparnámskeið fyrir hesta og menn. Elva Hrönn, hjúkrunarfræðingur og björgunarsveitakona og Elfa Ágústsdóttir dýralæknir héldu skyndihjálparnámskeið og fóru yfir helstu atriði sem gott er að kunna ef eitthvað óhapp kemur uppá bæði í byggð og í óbyggðum.



Kveðjur

Æskulýðsnefnd Léttis